

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. september 2024:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hraðamælingar

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir yfirliti og dæmum á hraðamælingum, brotið niður eftir farartækjum og samgöngumátum.

Spurt er jafnframt um hvernig geta segulmælingar af þessu tagi greint á milli farartækja og hvernig greina þær gangandi vegfarendur?

Hverskonar rauntímastýring verður á Höfðabakka og Hringbraut eftir að snjalljósakerfið verður sett upp. Gott væri að skipulagsyfirvöld lýstu þeim breytingum til bóta sem verða eftir að snjalljósakerfið verður komið upp á Höfðabakka. Spurt er af hverju búnaðurinn sem er löngu búið að kaupa hefur ekki verið sett upp.

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins spyr framangreindra spurninga í framhaldi af umsögn Flokks fólksins við tillögu um að skipulagsyfirvöld setji upp snjalljós við þau gatnamót sem mest á mæðir í Reykjavíkurborg

Í umsögn við tillögu Flokks fólksins um að skipulagsyfirvöld setji upp snjalljós við þau gatnamót sem mest á mæðir í Reykjavíkurborg er fullyrt að niðurstöður ráðgjafaverkfræðistofunnar Sweco frá 2020 á umferðarljósabúnaði á Íslandi hafi leitt í ljós að núverandi kerfi umferðarljósa er byggt á nútímalegum viðmiðum og nýjustu tækni. Hvernig er hægt að fullyrða að áreiðanleiki þessarar úreltu aðferðar sem flestir eru hættir að nota séu "Mjög góðar" þegar það hefur ekki verið skoðað og prófað hér sérstaklega.